

Þriðjudaginn 22. ágúst 1989.

Nr. 317/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Bjarna Leifi Péturssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Benedikt Blöndal og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1989. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði gæsluvarðhaldsúrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði stýtt.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Varnaraðili er meðal annars grunaður um þjófnað og skjalafals. Rannsókn málsins er á frumstigi. Með vísan til 1. töluliðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir bera að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 17. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Bjarna Leifi Péturssyni, atvinnulausum, til lögheimilis að Fljótaseli 8, Reykjavík, kt. 150658-2419, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 1. september 1989 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir.

RLR vinnur nú að rannsókn þjófnaðarmála, þar sem stolið hefur verið seðlaveskjum ásamt tékkheftum, greiðslukortum og fleiri verðmætum,

skartgrip og öðrum lausafjármunum viðs vegar um borgina. Jafnframt er unnið að rannsókn á skjalafalsi með tékkum og greiðslukortum, sem voru í framangreindum veskjum.

Í gærkvöld handtók lögreglan í Reykjavík kærða fyrir utan veitingastaðinn Rauða ljónið við Eiðistorg, og kastaði hann frá sér seðlaveski, þegar er hann varð lögreglunnar var. Í veskinu var m.a. tékkhefti Valgerðar Helgu Einarsdóttur frá Sparisjóði Kópavogs og farkort frá Visa-Ísland á nafni Óla Öders Magnússonar, en Óli þessi kærði í dag þjófnað á seðlaveski sínu, er hvarf fyrir utan hús nr. 4 við Laugarásveg sl. mánudag. Við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi hefur kærði staðfastlega neitað því að hafa stolið framangreindum seðlaveskjum og tékkheftum og kveðst ekkert kannast við innbrot í skartgripaverslun Franks Michelsens við Laugaveg hér í borg, þrátt fyrir það að honum sé kynntur framburður Bryndísar Ólafsdóttur, kt. 041270-5519. Engu að síður leikur rökstuddur grunur á aðild kærða að framangreindum brotum, og geta þau varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Rannsókn þessara mála er á frumstigi. Óvíst er, hvort tékkar úr framangreindum heftum eigi eftir að berast bönkum og hvort kvittanir vegna úttekta með greiðslukortum eigi eftir að koma fram.

Með hliðsjón af framansögðu og því, að kærði hefur staðfastlega neitað sök, þrátt fyrir það að sterkar líkur séu á aðild hans að brotum þessum, þykir verða að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 1. september nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bjarni Leifur Pétursson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudags 1. september 1989 kl. 16.00.